

Árásir Nató á Júgóslavíu Aldarfjórðungsafmæli

Þegar tæpur áratugur hafði liðið frá upplausn Ráðstjórnarríkjanna, m.a. vegna litskrúðsuppreisna (color revolution), stríðsins í Afganistan, innri átaka, “friðarumleitanna,” “einkavæðingar” og “efnahagsaðstoðar” Vesturveldanna, gerði Nató árásir á Júgóslavíu til að vernda lýðræði, frelsi og mannréttindi, íbúa ríkisins. Þetta gerðist í mars 1999.

Vesturveldin höfðu kynt undir þjóðerniserjum, þar til Júgóslavía logaði. Nató-ríkin – Íslendingar meðábyrgir – frömdu fjöldamorð á Serbum. Nató var sérstaklega umhugað um að bjarga Kósovó undan Serbíu. Kósovó er eins konar leppríki Bandaríkjanna í dag. Þar eru m.a. þjálfaðir heilagir stríðsmenn Múslíma til árása fyrir botni Miðjarðarhafs.

Nató var líka umhugað um að refsa forseta Serba, Slobodan Milosevic (1941-2006), fyrir þjóðarmorð á Albönum. Hann var tekinn höndum og færður til yfirheyrslu við Alþjóðaglæpadómstólinn í Haag (International Criminal Tribunal).

Þar lést hann saklaus við skringilegar aðstæður, að líkindum myrtur eins og Muammar Gaddafi (1942-2011) í Líbíu og Saddam Hussein (1937-2006) í Írak. Bæði Saddam og Slobodan voru bandamenn Vesturlanda, sem brugðust vonum.

Árásin á Júgóslavíu markar upphaf nýrrar útpenslu- og heimsvaldastefnu Vesturlanda. Hin „Nýja bandaríska öld“ (New American Century) byggði á gömlum, breskum heimsveldisdraumi um að leggja undir sig heiminn. Draumurinn er kenndur við Halford John Mackinder (1861-1947), breskan landafræðing. Hann kallaði Evróasíu „hjarta“ heimsins. Yfirráð yfir því væri forsenda alheimsdrottunar.

Þegar árásin var gerð höfðu þrjú fyrrum Varsjárbandalagslönd orðið fullgildir aðiljar í Nató. Stríðið í Júgóslavíu var aðdragandi þess stríðs, sem nú geisar í Úkraínu.

Árásir Nató í austur fylgja býsna vel tillögum ungversk-bandaríska auðkýfingsins, George Soros, um drög að stofnun alheimsríkis fjármagsauðvaldins.

Hér má finna viðtal við Alex Krainer, sem skrifaði bókina, „Stóru blekkinguna“ (Grand Deception), og þýska heimildarmynd (með enskum texta) um stríð Nató gegn Júgóslöfum.

<https://www.britannica.com/place/heartland>

<https://www.thesocialistcorrespondent.org.uk/articles/media-silence-when-milosevic-is-cleared/>

<https://www.georgesoros.com/1993/11/01/toward-a-new-world-order-the-future-of-nato/>

https://beeley.substack.com/p/25-years-on-how-the-nato-bombing?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=142665278&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email